

Aukafundur Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs.

haldinn á Hótel Skálholti í Bláskógabyggð miðvikudaginn 1. mars 2023 kl. 13:00

Mætt: Anný Ingimarsdóttir, Ása Valdís Árnadóttir, Bryndís Gunnlaugsdóttir, Björn Kristinn Pálmarsson, Jón Bjarnason, Árni Eiríksson, Bjarni Hlynur Ásbjörnsson, Dagný Davíðsdóttir, Iða Marsibil Jónsdóttir, Ragnheiður Eggertsdóttir, Steinar Sigurjónsson, Daði Geir Samúelsson, Sylvía Karen Heimisdóttir, Þóra Gréta Pálmarsdóttir, Edda Sigurjónsdóttir, Guðbjörg Vilhjálmsdóttir, Arna Ír Gunnarsdóttir, Ásta Stefánsdóttir og Helgi Kjartansson.

Dagskrá aukafundar.

1. Formaður setur fundinn.

Ása Valdís Árnadóttir formaður stjórnar Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs. bauð fundarmenn og áheyrendur velkomna og setti aukafund Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs. Í framhaldinu fór Ása Valdís yfir vinnuna sem hefur verið í gangi síðustu misseri hjá Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs., og aðdragandann að þeim breytingum sem nú hafa orðið.

2. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Ása Valdís Árnadóttir lagði til að Sylvía Karen Heimisdóttir, Skeiða- og Gnúpverjahrepp, verði fundarritari og Bryndís Gunnlaugsdóttir hjá KPMG verði fundarstjóri. Samþykkt samhljóða.

3. Drög að nýjum félagssamningi lagður fram til samþykktar.

Í ljósi þess að öll sveitarfélögin hafa samþykkt úrgöngu Hveragerðisbæjar og Sveitarfélagsins Ölfuss er nauðsynlegt að samþykkja nýjan félagssamning fyrir byggðasamlagið. Einnig hefur félagssamningurinn verið uppfærður þar sem tekið var tillit til breytinga á lögum þar á meðal vegna nýrra laga um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna og breytinga á barnaverndarlögum.

Nýr félagssamningur samþykktur samhljóða.

4. Staðfesting tilnefningar sveitarfélaga til stjórnar félagsins.

Sveitarfélögin hafa tilnefnt eftirfarandi aðila í stjórn og varastjórn:

Stjórn:

Bláskógabyggð:

Helgi Kjartansson og til vara Ásta Stefánsdóttir.

Skeiða- og Gnúpverjahreppur:

Haraldur Þór Jónsson og til vara Bjarni Hlynur Ásbjörnsson.

Grímsnes- og Grafningshreppur:

Ása Valdís Árnadóttir og til vara Iða Marisbil Jónsdóttir.

Flóahreppur:

Hulda Kristjánsdóttir og til vara Árni Eiríksson.

Hrunamannahreppur:

Aldís Hafsteinsdóttir og til vara Jón Bjarnason.

Tilnefningar aðildarsveitarfélaga byggðasamlagsins til stjórnar staðfestar.

Stjórn mun skipta með sér verkum á fyrsta stjórnarfundum.

5. Önnur mál er krefjast samþykktar fundarins.

Erindisbréf stjórnar lagt fram til staðfestingar.

Erindisbréf stjórnar Skóla- og velferðarþjónust Árneshvíls bs. samþykkt samhljóða.

6. Almennar umræður

Anný Ingimarsdóttir deildarstjóri velferðarþjónustu Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls bs. hélt kynningu á sjálfri sér, bakgrunni og sínum fyrri störfum.

Bjarni Hlynur Ásbjörnsson tók til máls og þakkaði Anný fyrir erindi sitt og drifkraft sinn til áframhaldandi mótunar á starfsemi Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls bs og ítrekaði mikilvægi þess að samþætting yrði höfð í fyrirrúmi á þjónustu Skóla- og velferðarþjónustunnar.

Árni Eiríksson tók til máls og skilaði kveðju til allra frá Huldu Kristjánsdóttur, sem var fjarverandi fundinn. Hann fagnaði þeirri vinnu sem væri komin af stað og þakkaði því starfsfólki sem komið hefur að máli. Jafnframt þakkaði hann stjórn og sérstaklega Ásu Valdísi fyrir að bera þungann af þeirri vinnu sem unnin hefur verið. Að lokum óskaði hann öllum til hamingju með nýja Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls bs.

Ásta Stefánsdóttir tók undir fyrri orð viðmælenda og óskaði öllu starfsfólki og stjórn til hamingju með nýja Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls bs.

Ása Valdís þakkaði Bryndísi Gunnlaugsdóttur og sérfræðingum hjá KPMG fyrir vel unnin störf og góða hjálp og sleit þar með fundi.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 13.40.

Sylvía Karen Heimisdóttir, fundarritari